

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skinney Þinganes Hornafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	7.11.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Skinney Þinganes	Eftirlitsmaður	Leifur Þorkelsson
Heimili	Miðósi 17, Hornafirði	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	4801692989	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Erlingur Brynjólfsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	684193,364 421481,264

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitsferðinni, unnið er í samræmi við samþykktu úrbótaáætlun varðandi úttekt á heildarlosun mengandi efna í frárennsli. Gerð var athugasemd við viðbragðsáætlun verksmiðunnar og athygli vakin á nýrri reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Leifur Þorkelsson.

Eftirlitsheimsóknin hófst á fundi með fulltrúum fyrirtækisins, Erlingi Brynjólfssyni verksmiðjustjóra og Hallveigu Karlsdóttur gæðastjóra. Á fundinum var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, rætt um starfsemina á árinu og starfsleyfi fyrirtækisins yfirfarið. Að lokum var farið í skoðun um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar.

Í eftirlitsskýrslu vegna síðustu eftirlitsheimsóknar komu fram tvö frávik frá starfsleyfi. Notkun flotgirðingar hafi ekki verið æfð og heildarúttekt á losun mengandi efna hafði ekki verið gerð. Fyrirtækið hefur fengið frest til að skila skýrslu um heildarlosun mengandi efna til 1. maí 2019. Ekki er lengur gerð krafa um að flotgirðing skuli vera til staðar og notkun hennar skuli æfð reglulega.

Engar kvartanir hafa borist vegna starfsseminnar og engin mengunaróhöpp hafa verið skráð frá því að verksmiðjan var síðast heimsótt. Unnið er að sýnatökum á fráveituvatni samræmi við úrbótaáætlun, sýnatökum við makrívinnslu var lokið og sýnatökur við síldarvinnslu stóðu yfir þegar verksmiðjan var heimsótt.

Fram kom að vinnu frágang útrásarlagnar frá verksmiðjunni var nýlega lokið, útrásin opnast á 5m dýpi um það bil 60-70m frá landi. Framkvæmdum við stækkun lekavarnarþróar umhverfis lýsisgeyma lauk í nóvember 2017. Þróin rúmar nú 39,7% meira en sem nemur rýmd stærsta geymis. Í kjölfar stækkunar á lekavarnarþró hefur Umhverfisstofnun fallið frá kröfu um flotgirðingu sem fram kemur í grein 2.24 í starfsleyfi.

Grænu bókhaldi vegna ársins 2017 hefur skilað sem og yfirlýsingu um magn mengandi efna varðandi útstreymisbókhald. TVN er mælt og skráð reglulega og eru skráningar aðgengilegar eftirlitsaðila í samræmi við grein 3.2. í starfsleyfi. Í starfsleyfi er ekki gerð krafa um niðurstöðum TVN mælinga séu sendar eftirlitsaðila. Tilkynnt var um gangsetningu eftir meira en mánaðar stopp með tölvupósti frá verksmiðjustóra þann 29.04.2018. Verksmiðjan hefur um allnökkurt skeið eingöngu verið keyrð á rafmagni og því hefur ekki komið til þess að olíubrennarar hafi verið notaðir. Viðbragðsáætlun verksmiðjunnar vegna bráðamengunar var skoðuð. Áætlunina þarf að yfirfara og einfalda.

Að fundi loknum var farið í skoðunarferð um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar. Lekavarnarþró umhverfislýsisgeyma var skoðuð sem og tengibrunnur á nýrri útrásarlögn þá gerði verksmiðjustóri grein fyrir legu lagnarinnar

ÁBENDINGAR

Vakin er athygli á að viðbragðsáætlun verksmiðjunnar vegna bráðamengunar þarf að uppfæra.

Vakin er athygli á því að reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi hefur tekið gildi og kemur hún í stað reglugerðar nr. 35/1994. Rekstraraðili er hvattur til að kynna sér nýja reglugerð og þau áhrif sem hún kann að hafa á starfsemina.

27.11.2018

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Halla Einarsdóttir

